

REGLUR

um breytingar á reglum um stjórnskipulag heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri, nr. 812/2013.

1. gr.

7. gr. reglnanna orðast svo:

Náms- og matsnefndir.

Innan heilbrigðisvísindasviðs skulu náms- og matsnefndir starfa innan hvernar deildar. Námsnefnd gerir tillögur til deildarfundar um breytingar á náms- og kennsluskrá. Námsnefndir skulu vera skipaðar deildarformanni og minnst tveimur fulltrúum fastráðinna kennara sem valdir eru til tveggja ára í senn af viðkomandi deildarfundi og einum fulltrúa nemenda, sem valinn er af félagasamtökum þeirra til eins árs í senn. Námsnefnd velur sér formann til eins árs í senn og skiptir með sér verkum. Matsnefndir skulu gera tillögur um mat á fyrra námi og fyrirhuguðu skiptinámi nemenda viðkomandi deildar. Matsnefndir skulu minnst vera skipaðar þremur fulltrúum fastráðinna kennara sem valdir eru til tveggja ára í senn af viðkomandi deildarfundi og einum fulltrúa nemenda, sem valinn er af félagasamtökum þeirra til eins árs í senn.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru í háskólaráði, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 28. október 2021.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

B-deild – Útgáfud.: 24. nóvember 2021